

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Snæfellsbæ.

*Óveruleg breyting á deiliskipulagi við Fellaslóð, Arnarstapa.*

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 12. nóvember 2019, óverulega breytingu deiliskipulags við Fellaslóð á Arnarstapa. Breytingin tekur til svæðis fyrir verslun og þjónustu við Fellaslóð en stærð og lögun lóða nr. 2 og 3 er breytt, byggingarreitur fyrir Fellaslóð 2 er rýmkaður og gerður er byggingarreitur fyrir tengibyggingu milli húsa á lóðum nr. 1 og 2. Skipulagsskilmálar verða óbreyttir að öðru leyti en því að á lóð nr. 2 má reisa allt að 160 fermetra hús vegna stækkunar lóðarinnar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 16. desember 2019.*

**Davíð Viðarsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2020